

Streymi heildverslun ehf.  
Goðanesi 4  
603 Akureyri

Akureyri, 11. maí 2021  
UST202102-176/H.Ö.J.  
07.06.02

### **Söluskrár 2020 fyrir notendaleyfisskyldar vörur – Málslok**

Vísað er til bréfs dags. 12. febrúar 2021 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2020. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Af þeim kaupendum að ofangreindum vörum á árinu 2020 reyndist einn viðskiptavinur ekki vera með notendaleyfi eða annað sambærilegt leyfi þegar viðskiptin áttu sér stað. Kom stofnunin þeirri ábendingu á framfæri í eftirlitsskýrslu að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar skv. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 hvað þetta varðar. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni: <https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir  
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson  
teymisstjóri